

Úrskurður
úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála
í máli nr. 2/2014
Kæra Árvakurs hf. á ákvörðun PFS nr. 3/2014

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dags. 23. apríl 2014, hefur Árvakur hf. kært ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 3/2014 um gjaldskrá og skilmála Íslandspósts fyrir vöruflokkinn „Almenn bréf 51 til 2000 g“,

Í hinni kærðu ákvörðun var Íslandspósti (ÍSP) heimilað að leggja niður gjaldskrá fyrir blöð og tímarit og sameina hana þyngdarflokknum „Almenn bréf 51 til 2000 g“. Ákvörðunin var tekin 28. mars 2014 og samkvæmt henni telur PFS eðlilegt að ÍSP veiti viðsemjendum sínum hæfilegan frest og aðlögunartíma áður en hinir nýju afsláttarskilmálar taka gildi.

Af hálfu kæranda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þá gerir kærandi jafnframt kröfu um að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað á meðan kæran er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

II. Helstu málsatvik

Mál þetta má rekja til erindis ÍSP þann 11. júní 2013 til PFS um nýja gjaldskrá og skilmála bréfa í þyngdarflokknum 51-2000g sem taka átti gildi 1. janúar 2014. Með hinni nýju gjaldskrá skyldi vöruflokkurinn „Blöð og tímarit“ sameinaður gjaldskrá bréfa í umræddum þyngdarflokk og nefndur „Almenn bréf 51-2000g“. Með hinni kærðu ákvörðun tók PFS ákvörðun um uppsetningu gjaldskrárinnar. Auk kæranda hefur ÍSP kært nánar tilgreinda hluta hinnar kærðu ákvörðunar. Verður ekki nánar fjallað um þær kærur þar sem einungis er til úrslausnar krafa kæranda um frestan á réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar.

III. Helstu sjónarmið aðila

1.

Kærandi krefst þess sem fyrr segir að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Kærandi telur að ef verðhækkanum ÍSP taki gildi muni hann þurfa að greiða óhóflegt verð til ÍSP og óvist hvort að það sé endurkræft í skaðabótamáli. Einnig muni kærandi þurfa að segja upp áskrifendum á landsbyggðinni og erfitt verði að hans mati að fá þá aftur í áskrift enda þótt gjaldskráin verði leiðrétt. Kærandi gæti einnig þurft að segja upp dreifingarsamningum fyrir önnur blöð. PFS hafi tekið bráðabirgðaákvörðun í málinu og frestað gildistöku aðgerða ÍSP en því hafi ekki verið mótmælt af hálfu ÍSP. Því sé að mati kæranda ekki ágreiningur um að skilyrði séu til þess að fresta aðgerðum þar til endanlegur úrskurður liggi fyrir.

2.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009 skal PSF gefinn kostur á því að tjá sig skriflega um kröfu um frestun réttaráhrifa áður en úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála úrskurðar um málið. Óskað var eftir umsögn PFS um kröfu kæranda um frestun réttaráhrif.

Athugasemdir PFS bárust þann 16. maí 2014. Þar kemur fram að stofnunin tekur enga afstöðu til þess hvort að fresta eigi réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar og muni ekki tjá sig sérstaklega um kröfuna. PFS bendir á að ÍSP hafi ekki tekið upp hina nýju gjaldskrá og afsláttarskilmála.

PFS telur að almennt þurfi mikið að koma til svo að fallist sé á kröfu um frestun réttaráhrifa og að algjört undantekningartilvik sé um að ræða. Með tilliti til þess telur PFS rétt að nefndin byggi með beinum hætti á því eða horfi sterkelega til þess að ÍSP hafi þegar boðist til að fresta framkvæmd á umræddri skilmálabreytingu.

Meðfylgjandi athugasemdum PFS var tölvupóstur frá ÍSP þar sem fram koma að ÍSP hefði að svo stöddu ekki tekið upp nýja verðskrá í þyngri sendingum né sameinað flokkinn „blöð&tímarit“ við „almennan bréfaflokk 51-2000g“ né liggi fyrir hvenær það verði. Tilkynnt verði um breytinguna með hæfilegum fyrirvara áður en hún taki gildi.

IV. Niðurstöður

Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009 kemur fram að kæra til úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar PFS. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er úrskurðarnefnd þó heimilt, að kröfu málsaðila, að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því, í samræmi við stjórnsýslulög. Í 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga segir að æðra stjórnvaldi sé heimilt, þegar ástæður mæla með því, að fresta réttaráhrifum ákvörðunar.

Beiting undanþágunnar kemur helst til greina sé um að ræða íþyngjandi ákvarðanir einkum þannig að hagsmunir myndu glatast eða skerðast verulega ef réttaráhrifum viðkomandi ákvörðunar væri ekki frestað.

Kærandi hefur reifað fyrir nefndinni þá óafturkræfu fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem hann telur sig hafa af málínu og það tjón sem breyting gjaldskrár hefði í för með sér þar til endanlegur úrskurður í málínu liggi fyrir. Ein meginrökksemd kæranda fyrir kröfunni um frestun réttaráhrifa varðar hluta af rekstargrundvelli hans en hann telur að breyting gjaldskrár hefði í för með sér að dreifing á landsbyggðinni myndi leggjast og mögulega yrði að segja upp dreifingarsamningum.

Að mati nefndarinnar ber að hafa í huga þá meginreglu að kæra fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar. Því verði að líta svo á að regla 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009, sbr. 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga, sé undantekningarregla sem beri að túlka þróngt.

Úrskurðarnefnd hefur, auk áðurgreindra sjónarmiða, bæði í huga að gjaldskrá ÍSP hefur ekki tekið gildi og að ekki er langt í það að endanlegur úrskurður verði kveðinn upp.

Eftir athugun nefndarinnar á gögnum málins og sjónarmiðum aðila telur hún að ekki séu skilyrði fyrir því að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.

V. Úrskurðarorð

Kröfu kæranda um frestun á réttaráhrifum ákvörðunar PFS nr. 3/2014 frá 28. mars 2014 er hafnað.

Reykjavík, 9. júní 2014

Brynja I. Hafsteinsdóttir

Kirstín P. Flygenring